




**KÖRFUKNATTLEIKSAM BAND  
ÍSLANDS**

**SKÝRSLA 1969**



# Á R S S K Ý R S L A

## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 6 9

### Stjórn.

Á 8. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Bogi Þorsteinsson, formaður  
Magnús Björnsson,  
Helgi Sigurðsson,  
Guðmundur Þorsteinsson,  
Magnús Sigurðsson,  
Jón Eysteinnsson,  
Hólmsteinn Sigurðsson.

### Verkaskipting.

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar var samþykkt að verkaskipting innan stjórnarinnar skyldi verða með nokkuð öðru sniði, en áður hafði tíðkast. Var talið, að með því, að fela einstökum stjórnarmeðlimum umsjón með ákveðnum málefnaþópum, væri auðveldara fyrir stjórnarmenn að beita sér að ákveðnum verkefnum, sem þeim væri fálín framkvæmd á, af aðalstjórn.

Verkaskipting var í stórum dráttum þessi:

Bogi Þorsteinsson: Stjórn funda, erlendar bréfasríptir

Magnús Björnsson: Vara-formaður, móttaka erlendra liða og ýmis sérstök verkefni.

Helgi Sigurðsson: Formaður útbreiðslunefndar, fræðslu- og útbreiðslustörf meðal sambandsaðila og dreifingar upplýsinga til almennings.

Jón Eysteinnsson: Formaður laga- og leikreglanefnda, endurskoðun móta- og keppnisreglna, samvinná við KKDÍ um dómaramál og dómaraþjálfun.

Magnús Sigurðsson: Féhirðir, formaður fjáröflunarnefndar.

Guðmundur Þorsteinsson: Fundarritari.

Hólmsteinn Sigurðsson: Umsjón með Íslandsmóti og formaður kappleikjanefndar.

Þorsteinn Hallgrímsson l. varamaður tók sæti í stjórninni við fráfall Magnúsar Björnssonar. Þorsteinn hafði áður sótt reglulega stjórnarfundum og tekið þátt í stjórnarstörfum.

Eftirtaldir fastanefndir störfuðu á árinu:

- Landsliðsnefnd: Jón Eysteinnsson, formaður  
Guðmundur Þorsteinsson,  
Marínó Sveinsson.
- Fjáröflunarnefnd: Magnús Sigurðsson,  
Gunnar Petersen
- Laga- og leikreglunefnd: Jón Eysteinnsson, formaður,  
Guðmundur Þorsteinsson,  
Marionó Sveinsson.
- Mótanefnd: Hólmsteinn Sigurðsson, formaður,  
Ingvar Sigurbjörnsson,  
Gunnar Gunnarsson.
- Unglinganefnd: Þorsteinn Hallgrímsson, formaður,  
Birgir Örn Birgis,  
Gunnar Gunnarsson.
- Kvennanefnd: Einar Bollason, formaður,  
Guttormur Ólafsson,  
Friðrik Guðmundsson.  
(Þessi nefnd var ekki skipuð fyrr er í september s.l.).
- Mínibasketnefnd: Helgi Sigurðsson, formaður,  
Kolbeinn Pálsson,  
Einar Ólafsson.
- Blaðanefnd: Gunnar Gunnarsson,  
Hilmar Viktorsson,  
Guðmundur Þorsteinsson.
- Þjálfarar: Guðmundur Þorsteinsson,  
Helgi Jóhannsson, þjálfari unglíngalandsliðs.

Stjórnarstörf.

Alls voru haldnir 26 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu og eru það nokkuð færri en á undanförunum árum, enda skal þá haft í huga, að hinar ýmsu nefndir störfuðu að þeim málum, sem annars hefðu hlotið afgreiðslu á stjórnarfundum.

Eitt fyrsta verkefni hinnar nýkjörnu stjórnar var, að taka á móti hinu fræga tékkneska liði, Sparta Prag, sem lék við landsliðið í Laugardalshöllinni í desember, er liðið var á leið til Bandaríkjanna og einnig á heimleið í janúar.

Telja verður einhvern frækilegasta sigur landsliðs okkar, sigurinn yfir Sparta Prag í janúar. Þessi sigur vakti að verðleikum mikla athygli erlendis, enda átti landsliðið mjög góðan leik að þessu sinni. Mun liðið, sem lék gegn Sparta, vera eitthvert það sterkasta landslið, sem körfuknattleiksmenn hafa sent til leiks. Með fullri virðingu fyrir því liði, sem keppti í Skotlandi og Svíþjóð fyrir Íslands hönd s.l. vor, verður að telja, að það lið hafi verið talsvert veikara, en liðið, sem sigraði Sparta.

Íslandsmótið s.l. vetur varð umfangsmeira heldur en nokkru sinni fyrr. Þátttökuaukning frá fyrra ári nam um 62% og kom sú aukning svo til eingöngu frá félögum utan höfuðborgarsvæðisins. Verður að telja ánægjulegann, hinn öra vöxt körfuknattleiksins úti um landsbyggðina, og þá jafnframt, að harma þá staðreynd, að iðkun körfuknattleiks í sjálfri höfuðborginni, hefir staðið í stað í meira en heilan áratug.

Að þessu sinni fóru flestir leikir Íslandsmótsins fram í hinu glæsilega nýja íþróttahúsi á Seltjarnarnesi. Vill stjórn KKÍ, færa sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps sérstakar þakkir fyrir góðan skilning á málefnum Körfuknattleikssambandsins. Þá vill stjórnin færa Magnúsi Georgssyni framkvæmdastjóra íþróttahússins og starfsliði hans, þakkir fyrir frábæra lipurð og góða aðstoð við framkvæmd mótsins.

Eins og jafnan fyrr, sköpuðust oft vandræði við framkvæmd mótsins vegna skorts á dómurum. Er hér um vandamál að ræða, sem er farið að standa körfuknattleiknum fyrir þrifum og þarf skjótrar úrlausnar.

Íþróttafélagi Stúdenta var veitt leyfi til að taka þátt í Norðurlandamóti Stúdenta í körfuknattleik, en mótið var háð í Svíþjóð dagana 13. til 15. desember. Engin skýrsla um þessa ferð hefur borist frá Íþróttafélagi Stúdenta.

Í sambandi við Íslandsmótið var ákveðið, að gera verðlaunapeninga með merki KKÍ. Magnús Baldvinsson, gullsmiður tók að sér gerð peninganna og voru þeir veittir, sem verðlaun í öllum flokkum, nema meistaraflokkki karla og kvenna, en í þeim flokkum voru notaðir hinir hefðbundnu verðlaunapeningar, með merki ÍSÍ. Var það mál manna, að verðlaunapeningar KKÍ, hefðu verið hinir smekklegustu.

#### Norðurlandameistaramót unglíngalandsliða.

Á þingi körfuknattleikssambanda Norðurlanda, sem haldið var í Reykjavík í sambandi við Polar Cup mótið 1968, buðust Svíar til að gangast fyrir Norðurlandameistaramóti unglíngalandsliða, sem haldið yrði í Svíþjóð næsta vetur eða vorið 1969.

Þegar komið var fram á s.l. vetur og okkur tók að lengja eftir boði Svía til þessarar keppni, var þeim send fyrirspurn um hvenær mótsins væri að vænta. Barst það svar, að Svíar treystu

sér ekki til að halda mótið, enda hefði aldrei verið um fast tilboð af þeirra hálfu að ræða, aðeins uppástunga um að æskilegt væri að komast þessari keppni á. Taldi stjórn KÍ, að hér stangaðist all verulega á, málflutningur formanns SBBF eins og hann var bókaður í fundargerð og túlkun stjórnar SBBF. Var því búið á þetta misræmi, en það bar engan árangur. Til að reyna að bjarga málinu, þá bauðst stjórn KÍ til að halda NM unglíngalandsliða í Reykjavík um vorið. Svíar og Norðmenn höfnuðu þessu boði og báru við ferðakostnaði, en Danir, sem sýnt höfðu málinu áhuga frá upphafi, óskuðu eftir að fá að senda unglíngalandslið sitt í keppnisferð til Íslands.

Unglinganefnd KÍ sá um móttöku hins danska liðs, eins og kemur fram í skýrslu nefndarinnar.

#### Evrópumeistarariðill unglíngalandsliða á Íslandi.

Vegna hins mikla kostnaðar við að senda unglíngalandslið til þátttöku í riðlum erlendis, ákvað stjórn KÍ s.l. vor, að reyna að fá að halda slíkan riðil hérlandis. Taldi stjórnin að tekjuhalli af slíku móti, gæti aldrei orðið jafn mikill og ferðakostnaður liðsins hefði annars orðið. Ennfremur taldi stjórnin mikinn ávinning fyrir körfuknattleiksíþróttina í landinu, að fá slíka keppni hingað.

Mr. R. William Jones, framkvæmdastjóri Alþjóða-körfuknattleiksambandsins var því send umsókn KÍ og hann beðinn að tala máli okkar á þingi Evrópu og Miðjarðarhafsdeildar FIBA, sem haldið var í Alexandria, Egyptalandi, í lok júní-mánaðar. Bentum við á, að framkvæmd okkar á Polar Cup hefði þótt takast vel og jafnframt að slík alþjóðakeppni hefði aldrei fyrr verið háð hér á landi.

Skömmu eftir að þinginu í Alexandria lauk, barst okkur bréf frá Körfuknattleikssambandi Belgíu, þar sem okkur var sagt frá því, að samþykkt hefði verið, að Ísland fengi að halda einn riðilinn og væru í riðlinum unglíngalandslið Póllands, Belgíu, Englands og svo auðvitað Íslands.

Stjórn KÍ hefur ákveðið að mót þetta verði haldið um páskana næsta vor, en endanlegir leikdagar hafa ekki verið ákveðnir ennþá. Verður að ákveða leikdaga í samræmi við vetraráætlanir flugfélaganna, þannig, að liðin þurfi ekki að dvelja á kostnað KÍ lengur en nauðsyn ber til.

#### ÍKF sameinast UMFN.

Í september s.l. barst stjórn KÍ bréf frá ÍKF, þar sem óskað var eftir úrskurði um, hvort lið ÍKF mundi tapa sæti sínu í I. deild, ef liðið sameinaðist Ungmennafélagi Njarðvíkur og keppti sem körfuknattleiksdeild UMFN á næsta keppnistímabili. Benti stjórn ÍKF á, að hér væri aðeins um nafnabreytingu að ræða, þar sem liðsmenn ÍKF væru flestir einnig félagar í UMFN og UMFN aldrei sent lið á Íslandsmót í körfuknattleik.



Stjórn ÍKF ræddi einnig við formann KKÍ og benti honum á, að hér væri fyrst og fremst um að ræða, hvort liðið héldi áfram keppni, þar sem starfsgrundvöllur ÍKF í sinni upprunalegu mynd væri raunar ekki lengur fyrir hendi.

Eftir að stjórn KKÍ hafði kynnt sér alla málavöxtu, var úrskurðað að Körfuknattleiksdeild UMFN fengi að halda sæti ÍKF á næsta Íslandsmóti. Taldi stjórnin aðalforsendur fyrir þessu, að hér væri raunverulega um sama lið að ræða, en ekki verið að afla öðru liði sætis í I. deild án keppni, þar sem UMFN hefði ekki haft starfandi körfuknattleiksdeild og ekki tekið þátt í Íslandsmóti í þessari íþróttagrein.

ÍKF, sem nú er raunverulega liðið undir lok, sem sjálfstætt félag, var stofnað meðal starfsmanna á Keflavíkurflugvelli sumarið 1951. Strax á hinu fyrsta Íslandsmóti í körfuknattleik veturinn 1952, keppti liðið í meistaraflokki og sigraði. Alls hlaut ÍKF Íslandsmeistaratitilinn fjórum sinnum og lið félagsins hefur tvisvar sigrað í 2. deild.

Fyrirliði fyrsta landsliðsins í körfuknattleik árið 1959, var Ingi Gunnarsson frá ÍKF og þegar KKÍ var stofnað, lagði ÍKF 2 menn til í stjórn sambandsins, þá Boga Þorsteinsson og Magnús Björnsson.

Stjórn KKÍ vonar, að enda þótt ÍKF sé hætt störfum, þá haldi körfuknattleikur áfram að dafna á Suðurnesjum og býður Ungmennafélag Njarövíkur velkomið í raðir körfuknattleiksmanna.

---ooo00ooo---

Í minningu Magnúsar Björnssonar.

Vinir Magnúsar Björnssonar stofnuðu sjóð til minningar um hann og verður hlutverk sjóðsins, að kosta skólagöngu barna hans. Stjórn KKÍ ákvað, að haldið verði árlega keppniskvöld í körfuknattleik og renni ágóði af slíku kvöldi í sjóð þennan. Taldi stjórnin að með þessu gætu körfuknattleiksmenn heiðrað minnigu Magnúsar og um leið þakkað honum hið mikla og óeigin-gjarna starf hans í þágu körfuknattleiksíþróttarinnar á liðnum árum.

---ooo00ooo---

SKÝRSLA BLAÐANEFNDAR KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS 1969

---

Nefndina skipuðu: Guðmundur Þorsteinsson, formaður,  
Gunnar Gunnarsson og  
Hilmar Viktorsson.

Þar sem þessi nefnd var ný af nálinni, lá það fyrir í byrjun, að gera stefnuskrá fyrir nefndina. Var haldinn fundur um það, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að aðeins væri um eitt stefnumál að ræða:

MEIRA RÚM FYRIR KÖRFUKNATTLEIK Í BLÖÐUM, ÚTVARPI OG SJÓNVARPI.

Var ákveðið að reyna með öllum tiltækum ráðum að auka körfuknattleiksefni þessara fréttamiðla.

Að álitni nefndarinnar hefur verið allt of lítið skrifað um körfuknattleik í dagblöðunum undanfarin ár, og vilja nefndarmenn helst kenna því um, að innsýn fréttaritara þeirra, sem íþróttasiðum dagblaðanna ráða, í körfuknattleikinn sé ekki nægileg, og þar af leiðandi skorti þá áhuga á, að gera henni tilhlýðileg skil. Þess vegna var hafizt handa um að reyna að koma mönnum inn hjá dagblöðunum, sem eingöngu skyldu skrifa um körfuknattleik. Mætti þetta miklum skilningi íþróttaristjórnanna, og urðu að minnsta kosti fjögur blöð til þess að ráða til sín körfuknattleiksfréttaritara. Batnaði ástandið við þetta mjög mikið, en samt er það álit nefndarinnar, að betur hefði mátt gera, og er þeim tilmælum því beint til næstu blaðanefndar, að hún beiti sér fyrir því að um enn meiri og víðtækari fréttamennsku verði að ræða næsta vetur.

Gunnar Gunnarsson tók að sér að setja saman greinaflokk um körfuknattleikinn úti á landi, og varð úr því mjög merkileg heimild, sem birtist í Morgunblaðinu. Enn liggja þar óbirtar nokkrar greinar, og Gunnar mun hafa lagt drög að fleiri greinum, sem næstu blaðanefnd er bent á.

Marínó Sveinsson tók að sér að semja dómaraþætti fyrir dagblaðið Vísi, sem hann nefndi "Í gegnum hringinn", mjög athyglisverð nýjung, sem gjarnan mætti verða framhald á.

Nefndin sá um að koma áleiðis til blaða, útvarps og sjónvarps fréttum af starfsemi KKÍ, býddi greinar úr erlendum blöðum, og birti stöðuna í bandarísku atvinnumannakeppninni, svo eitthvað sé nefnt af störfum nefndarinnar, en yfirleitt var leitast við að hafa allar klær úti til að auka á rúm það, sem körfuknattleikurinn tók í íþróttafréttum fréttamiðlanna.

Snemma á starfstímabilinu fóru nefndarmenn í heimsókn í Sjónvarpið, til þess að reyna að hafa áhrif í þá átt, að körfuknattleiksefni yrði aukið hjá stofnuninni. Var talað við dagskrárstjóra, fréttastjóra og umsjónarmann íþróttaráttarins, sem allir tóku vel í málaleitan okkar. Árangur þessa varð m.a. efni frá EM-riðlinum í Stokkhólmi, sem landsliðið tók þátt í, og verður að meta það að verðleikum, enda þótt ekki fengist einnitt það efni frá mótinu, sem beðið var sérstaklega um.

Fulllyrtu þessir menn allir, að þeir væru allir af vilja gerðir, að gera íbróttunum jafnt undir höfði, og lofuðu því, að svo yrði jafnan framvegis.

Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa Sjóntvarpsins var haldið á fund Upplýsingaþjónustu Bandaríkjana, í þeim tilgangi að reyna að fá körfuknattleiksefni þaðan, jafnvel til birtingar í Sjóntvarpinu, eins og dæmi voru til um áður. Forstöðumaður þeirrar stofnunar var allur af vilja gerður að hjálpa til, en það reyndist þegar allt kom til alls ekki mögulegt.

Reynt var einnig að leita til Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og athugaðir möguleikar á því, að fá lánaðar myndir þær, sem sjóntvarp þeirra sýnir vikulega frá bandarísku atvinnumanna-keppninni, en vegna alþjóðasamninga viðskiptalegs eðlis, var Varnarliðinu ókleift að verða við beiðni okkar.

Það er sannfæring nefndarmanna, eftir þetta starfsár, að slík nefnd, eða jafnvel blaðafulltrúi sé nauðsynlegur liður í starfsemi Körfuknattleikssambandsins. Allt efni um körfuknattleik, eins og aðrar íbróttir er vel þegið hjá fréttamiðlunum, og gott að hafa mann eða menn til að hafa umsjón með því, að jafnvægi sé í þessum sökum. Þetta er liður í viðleitni til útbreiðslu körfuknattleiks á Íslandi, og áreiðanlega mjög áhrifaríkt, ef vel er haldið á spöðunum.

f.h. blaðanefndar K.K.Í.

Guðmundur Þorsteinsson  
formaður,



STARFSSKÝRSLA LAGA- OG LEIKREGLNANEFNDAR K.K.Í.

1968 - 1969.

Í nefndinni áttu sæti: Jón Eysteinnsson, formaður,  
Guðmundur Þorsteinsson,  
Marínó Sveinsson,

Dómaranámskeið.

Dómaranámskeið var haldið fyrir Íslandsmótið og fengu hinir nýju dómaraar að dæma leiki í yngri flokkum mótsins og voru að því loknu útskrifaðir 12 nýir dómaraar. Stjórnendur námskeiðisins voru Guðmundur Þorsteinsson, Marínó Sveinsson og Jón Eysteinnsson.

Lög og reglugerðir.

Á starfsárinu hefur verið unnið að því, að þýða nýju leikreglurnar ásamt þýðingu á reglum um "Mini" bolta. Þýðingu á reglunum um "Mini" bolta er að mestu lokið og þýðing á leikreglum fyrir fulloröna langt komin. Einnig hafa mótareglur K.K.Í. verið endurskoðaðar. Unnið er að því, að gefa út bækling, með öllum reglum í sambandi við körfuknattleik þ.e.a.s. leikreglur, mótareglur, leiðbeiningar fyrir körfuknattleiksdómara o.fl., og er það von nefndarinnar, að hægt verði að koma riti þessu út nú á næstunni.

Ýmislegt.

K.K.Í. var boðið að senda dómara á námskeið fyrir alþjóða-dómara, sem haldið var í Florens á Ítalíu, en ekki reyndist unnt að senda dómara á námskeið þetta.

Einn starfandi körfuknattleiksdómari fór með landsliðinu til Skotlands og Svíþjóðar og dæmdi í Skotlandi tvo landsleiki milli Íslands og Skotlands.

Eins og undanfarandi ár var samstarf við KKDÍ, við útvegum dómara á Íslandsmót og önnur mót.

Nefndin telur nauðsynlegt að halda að minnsta kosti tvö dómara-námskeið á ári, því þrátt fyrir það, að margir dómaraar eru útskrifaðir árlega, hætta alltaf margir dómaraar störfum og fáir dómaraar eru það góðir, að þeir geti dæmt 1. deildar leiki.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR K.K.Í.

1968 - 1969.

Í nefndinni áttu sæti: Jón Eysteinnsson,  
Sigurjón Yngvarsson, og  
Guðmundur Þorsteinsson, landsliðs-  
þjálfari, sem oddamaður.

Starfsárið hófst í byrjun nóvember með því, að valdir voru 15 leikmenn á æfingar fyrir leikinn við Sparta Praha, sem fram fór 15. desember í Laugardalshöllinni. Úr þessum 15 manna hóp voru eftirtaldir leikmenn valdir til þess að leika fyrri leikinn:

Kolbeinn Pálsson, K.R.,  
Gunnar Gunnarsson, K.R.,  
Kristinn Stefánsson, K.R.,  
Guttormur Ólafsson, K.R.,  
Þorsteinn Hallgrímsson, Í.R.,  
Sigmar Karlsson, Í.R.,  
Birgir Örn Birgis, Á.,  
Jón Sigurðsson, Á.,  
Þórir Magnússon, K.F.R.,  
Sigurður Helgason, K.F.R.,  
Einar Bollason, Þór.

Þessum leik tapaði landsliðið (76:62).

Ákveðið var að leika annan leik við Sparta, þegar þeir kæmu hér við á leið sinni frá Bandaríkjunum, en þangað fóru þeir í keppnisferðalag. Æfingum var því haldið áfram og bættust nú í hópinn nokkrir ágætir leikmenn, sem verið höfðu erlendis í keppnisferðalagi, þegar hinn leikurinn fór fram.

Síðari leikurinn við Sparta fór fram 20. janúar í Laugardalshöllinni. Þessir voru valdir til að leika þann leik:

Kolbeinn Pálsson, K.R.,  
Gunnar Gunnarsson, K.R.,  
Kristinn Stefánsson, K.R.,  
Hjörtur Hansson, K.R.,  
Brynjólfur Markússon, K.R.,  
Þorsteinn Hallgrímsson, Í.R.,  
Birgir Jakobsson, Í.R.,  
Birgir Örn Birgis, Á.,  
Þórir Magnússon, K.F.R.,  
Sigurður Helgason, K.F.R.,  
Agnar Friðriksson, Í.R.

Þessi leikur vannst (59:58) eins og mönnum er enn í fersku minni.

Höfst nú undirbúningur undir þátttöku Íslands í Evrópumeistara-keppninni, en riðill sá er Ísland skyldi leika í átti að fara fram í Stokkhólmi. Voru nú valdir 20 leikmenn til æfinga, en nokkuð margir af okkar betri leikmönnum reyndust ekki eiga heimangengt á þeim tíma, sem mótið í Stokkhólmi skyldi haldið og var það mikil blóðtaka fyrir liðið. Gerði landsliðsnefnd fyrst könnun meðal þeirra leikmanna, sem hún taldi koma til greina í landslið og varð niðurstaða þeirrar könnunar sú að af 20 mönnum, sem spurðir voru, reyndust 7 ekki eiga möguleika á, að fara vegna prófa í skólum.

Æfingar hófust nú af krafti undir stjórn landsliðsþjálfarans Guðmundar Þorsteinssonar, og voru m.a. leiknir æfingaleikir við lið varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Síðasta mánuðinn áður en haldið var utan voru leiknir 4 æfingaleikir á viku við 1. deildar liðin í Reykjavík.

Sunnudaginn 23. febrúar hélt landsliðsnefnd fund með þeim tuttugu leikmönnum, sem valdir höfðu verið á landsliðsæfingar, var þá aftur gerð könnun á því hverjir gátu farið til Stokkhólms, en fyrri könnunin var gerð 20. desember 1968. Niðurstöður voru þær sömu og í fyrri könnuninni. Einnig voru á þessum fundi ræddar fjáröflunarleiðir í sambandi við utanförina og komu margar tillögur fram og tveim þessara tillagna var hrundið í framkvæmd.

Í lok apríl valdi landsliðsnefnd eftirtalda leikmenn til þátttöku í Evrópumeistaramótinu og til landsleikja við Skotá:

Kolbein Pálsson, K.R.  
Gunnar Gunnarsson, K.R.  
Kristinn Stefánsson, K.R.  
Brynjólf Markússon, K.R.  
Þorstein Hallgrímsson, Í.R.  
Sigurð Gíslason, Í.R.  
Birgir Örn Birgis, Á.  
Jón Sigurðsson, Á.  
Þóri Magnússon, K.F.R.  
Sigurð Helgason, K.F.R.  
Einar Bollason, Þór.

Landslið þetta lék svo fimm landsleiki í ferð þessari og sigraði í þrem þeirra, en tæpaði tveimur, og mun verða skýrt nánar frá ferðinni í skýrslu fararstjóra.

Utanför landsliðsins í maí s.l.

Stjórn K.K.Í. hafði tilkynnt þátttöku í undanrás í Evrópu-meistaramóti landsliða og var Íslandi skipað í riðil, sem fram skyldi fara í Stokkhólmi 9.-13. maí, með þátttöku Íslands, Svíþjóðar, Danmerkur, Austur-Þýskalands og Tékkóslóvakíu.

Með tilliti til þessarar fyrirhuguðu ferðar til Stokkhólms var ákveðið að reyna, að fá landsleik við Skota í leiðinni og var endanlega samið um, að leikið yrði í Glasgow 7. maí.

Eftirtaldir leikmenn voru valdir til fararinnar:

Birgir Örn Birgis, Á.  
Jón Sigurðsson, Á.  
Sigurður Gíslason, Í.R.  
Þorsteinn Hallgrímsson, Í.R.  
Sigurður M. Helgason, K.F.R.  
Þórir Magnússon, K.F.R.  
Brynjólfur Markússon, K.R.  
Gunnar Gunnarsson, K.R.  
Kolbeinn Pálsson, K.R., fyrirliði  
Kristinn Stefánsson, K.R.  
Einar Bollason, K.R.

Þjálfari: Guðmundur Þorsteinsson,

Dómari: Jón Eysteinnsson,

Fararstjóri: Hólmsteinn Sigurðsson.

Lagt skyldi af stað að morgni 7. maí og komið til Glasgow um hádegi, en því var ekki að heilsa vegna bilunar á flugvélinni og kom íslenska liðið ekki til Glasgow fyrr en klukkan rúmlega sjö, en leikurinn skyldi hefjast klukkan átta.

Var því ekið í snarkasti til Bellahouston Sports Centre, þar sem leikurinn skyldi fara fram og hófst hann á svo til réttum tíma. Leiknum lauk með sigri íslenska liðsins 69:64, í hálfleik var staðan 31:31.

Nokkrum dögum áður en haldið var af stað, hafði borizt bréf frá Svíþjóð þar sem tilkynnt var að Austur-Þjóðverjar hefðu hætt við þátttöku í riðlinum í Stokkhólmi og að keppnin í Stokkhólmi hefist þar af leiðandi ekki fyrr en 11. maí í stað 9. eins og áður hafði verið ákveðið. Var því gripið til þess ráðs, að fá annan leik við Skota þann 8. maí og fór hann fram í Jordanhill College í Glasgow og lauk með sigri íslenska liðsins, eftir all viðburðaríkan leik 82:72.

Hafði þetta í för með sér nokkurn kostnaðarauka þar sem ekki var unnt að breyta um leikdag í Skotlandi með aðeins nokkurra daga fyrirvara. Greiddu því þátttakendur í ferðinni sjálfir uppihald einn sólahring í Skotlandi og einn í Svíþjóð, vegna vanmáttar K.K.Í.

Frá Glasgow var haldið þann 9. maí og komið til Stokkhólms um kvöldið. Leikirnir í Evrópumeistarakeppninni hófust síðan þann 11. maí og léku fyrst Danmörk og Tékkóslóvakía og unnu Tékkar 55:82 (24-48).

Því næst léku Svíþjóð og Ísland og sigruðu Svíar 79:51 (30-28). Íslenska liðið átti glæsilegan leikkafla í fyrri hálfleik, en í byrjun seinni hlafleiks vildi það leiðinda atvik til að einn sænsku leikmannanna sló Jón Sigurðsson, sem verið hafði aðaldriffjöður liðsins í fyrri hálfleik, svo að framtönn brotnaði, og fór fararstjóri með hann á sjúkrahús. Atvik þetta var kært til tækninefndar sem skipuð var áður en keppnin hófst, með fulltrúa FIBA í forsæti og tveimur öðrum fulltrúum frá þátttökubjóðunum eftir því hverjir ættu hlut að máli í ágreiningsmálum.

Var sænska leikmanninum veitt áminning og hótad brottvikningu úr keppninni kæmi líkt fyrir aftur.

Hinn 12. maí léku svo Tékkar og Íslendingar, og leuk leiknum með sigri Tékkar 123:63, sem er all stórt tap en Tékkar léku með sínu sterkasta liði allan tímann. Í leik þessum meiddist Kristinn Stefánsson og varð að fara með hann á sjúkrahús til að sauma saman skurð á augabrún.

Þennan dag léku einnig Danmörk og Svíþjóð og lauk leiknum með sigri Svía 82-70 (40-34).

Þriðjudaginn 13. maí léku síðan Ísland og Danmörk og leiddi Íslenska liðið allan leikinn en Danir drógu á undir lokin og lokatölur urðu 51:49, Íslandi í vil. Síðan léku Tékkar og Svíar til úrslita í riðlinum og unnu Tékkar 78-64 (38-24).

Tvö efstu liðin þ.e. Tékkóslóvakía og Svíþjóð héldu síðan áfram í úrslitakeppnina, sem fram fór í Napolí 28/9 - 5/10 og lauk með sigri Rússa.

Frammistæða Íslenska landsliðsins í þessari ferð með þrjú sigra úr fimm leikjum verður að teljast vel viðunandi. Að öðrum leikmönnum ólöstuðum verður að telja frammistöðu Einars G. Dölla-sonar mjög athyglisverða. Hann varð annar hæsti í fráköstum með 34, Svíinn Albertson, fyrstur með 35 en þriðji maður með 25. Einnig varð Einar fjórði stigahæsti maður mótsins með 39 stig.

Haldið var síðan heim á leið frá Stokkhólmi þann 14. maí með viðkomu í Kaupmannahöfn og allir komu þeir aftur, þeir síðustu þann 18. maí.

Íslenska liðið færði þeim liðum er það lék við oddfána að gjöf og einnig merki K.K.Í., hvað og hinir gerðu.

SKÝRSLA ÚTBREIÐSLUNEFNDAR K.K.Í.

Útbreiðslunefnd K.K.Í. var skipuð eftirfarandi mönnum:

Helgi Sigurðsson, formaður,  
Ásgeir Guðmundsson,

Í byrjun starfsársins, varð nefndinni það ljóst, að lítið eða ekkert fjármagn myndi renna til útbreiðslustarfsins, enda kom síðar í ljós, að stjórn K.K.Í. varð af illri nauðsyn, að láta útbreiðslustyrkinn upp í skuldir K.K.Í. s.s. til greiðslu gjalda vegna utanferðar landsliðs. Má ef til vill segja að útbreiðslustyrkurinn hafi þrátt fyrir allt runnið til útbreiðslustarfa, en utanferð landsliðsins er ætíð uppbyggjandi fyrir körfuknattleiksmenn og hvetjandi til frekari dáða, um leið og körfuknattleikurinn er þá í fréttum og þar af leiðandi ú huga manna.

Óhætt er samt sem áður að fullyrða, að útbreiðslustyrknum hefði verið betur varið, ef nefndin hefði fengið hann allan í sínar hendur til almennrar útbreiðslu,

Við útgáfu Fréttabréfs K.K.Í. gerði útbreiðslunefndin sér miklar vonir um að koma á framfæri fréttum um körfuknattleik, um leið og körfuknattleiksmenn um land allt tengdust sterkari böndum,

Af fjárhagsörügleikum gat nefndin ekki gefið út fréttabréf á starfsárinu. Er það von nefndarinnar að fréttabréfið verið gefið út aftur á næsta starfsári.

Tæknimerki K.K.Í.

Reykjaskóli, Hrutafirði, hefur nú sem fyrr sýnt mikinn áhuga fyrir því, að nemendur skólans þreyti þrautir tæknimerkja K.K.Í. Eru störf Páls Ólafssonar kennara til útbreiðslu körfuknattleiks til mikillrar fyrirmyndar, en Páll hefur og er aðal hvatamaður tæknimerkjatöku nemenda Reykjaskóla. Í skýrslum Páls kemur m.a. fram að 60 manns, þ.e. nemendur og kennarar, hafa lokið prófi, þar af 37 járnmerki, 18 bronzmerki, 4 silfurmerki og 1 gullmerki.

Hjá Körfuknattleiksdeild Í.R. luku 10 prófi fyrir járnmerki, 5 bronzmerki, 3 silfurmerki og 1 gullmerki.

Á Akureyri luku prófi 25 fyrir járnmerki, 25 bronzmerki, 10 silfurmerki og 20 gullmerki.

Formaður útbreiðslunefndar færði, hinn 1. marz 1968, Barnaheimilinu Tjaldanes, Mósfellshreppi, einn körfubolta að gjöf frá K.K.Í. og var sú gjöf mjög kærkomin.

MINI-BASKET ("MINNI-BOLTINN").

Á árinu skipaði stjórn K.K.Í., þriggja manna nefnd, sem átti að undirbúa kynningu hér á landi á þessari tegund körfuknattleiks, sem eingöngu er ætlaður börnum,



Nefnd þessi var skipuð þessum mönnum:

Helgi Sigurðsson, formaður,  
Kolbeinn Pálsson,  
Einar Ólafsson,

Alþjóðareglur fyrir "MINI-BASKET" hafa nýlega borist nefndinni og hafa verið þýddar á íslensku af Guðmundi Þorsteinssyni. Reglurnar hafa ekki enn verið gefnar út á íslensku, en verið er að vinna að því máli. Þegar reglurnar hafa verið gefnar út verður hafist handa að kynna "MINI-BASKET" fyrir almenningi og hefur verið skrifað til forseta alþjóðanefndarinnar fyrir MINI-BASKET, og hann beðinn að senda frekari gögn varðandi þetta mál.

Samkvæmt reglunum fyrir MINI-BASKET eru notuð minni leiktaki, þ.e. kærfa er minni og lægri og körfuboltinn er minni en venjulegur körfubolti.

Allt gerir þetta að verkum, að börnin eiga auðveldara með að ráða við körfuknattleikinn.

Nú þegar hefur vaknað áhugi hjá íþróttafélögum og skólum fyrir "MINI-BASKET" og má m.a. geta þess, að 6 litlar körfur hafa verið settar upp á leiksvæði Barnaskóla Oddeyrar, Akureyri.

Þjálfaranámskeið, sem halda átti upphaflega 23. september s.l., fór fram dagana 29. og 30. september s.l., en þó í broyttu formi en upphaflega var ráðgert. Von var á bandarískum körfuknattleiksþjálfara til landsins og hafði m.a. stjórn K.K.Í. og Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna á Íslandi fengið staðfestingu á komudegi þessa manns.

Á síðustu stundu kom símskeyti frá manningnum, þar sem hann kunn-  
gjörði forföll og að ekki yrði úr Íslandsferð hjá sér sinni. Voru því strax gerðar ráðstafanir til að fá annan þjálfara til að stjórna þessu námskeiði og kom Einar Ólafsson, íþróttakennari í skarðið.

Námskeiðið sóttu 12 manns og var unglíngalandsliðið til aðstoðar. Góður rómur var gerður að þætti Einars í þessu námskeiði, og vill nefndin hér með þakka honum fyrir drengilega aðstoð.

#### Lokaorð.

Útbreiðslunefndin vill að lokum benda komandi stjórn á þá staðreynd, að til þess að hægt sé að útbreiða körfuknattleik á Íslandi, þarf fjármagn, en þetta fjármagn á að skila sér margfallt til baka, ef skipulega og með öryggi er unnið að útbreiðslunni.

Útbreiðslunefnd vill jafnframt taka það fram, að hún hafi marg oft bent á, að til þess að eðlileg útbreiðsla geti orðið, þarf K.K.Í. að ráða framkvæmdastjóra, sem taki að sér framkvæmd óleystra mála, jafnframt því að vera tengiliður milli stjórnar K.K.Í. og einstaklinga, félaga og sambanda um allt land. Óþarft er, að taka fram öll þau rök, sem styðja þessa nauðsyn, enda verið gert áður.

Það verður að hafa í huga, að körfuknattleikur er fyrir alla.

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR K.K.F.

Unglinganefnd K.K.F. skipuðu:

Þorsteinn Hallgrímsson, formaður,  
Gunnar Gunnarsson,  
Birgir Ö. Birgis.

Hélt nefndin fyrsta fund sinn 27. janúar og voru rædd þar hugsanleg verkefni nefndarinnar. Töldu nefndarmenn að eftirtalin verkefni væri mest þörf á, að tekin væru fyrir:

1. Verkefni fyrir unglíngalandslið.
2. Val unglíngalandsliðs.
3. Þjálfun utan Reykjavíkur.
4. Körfuknattleikur í skólum.

Því miður hefur nefndin aðeins getað gert fyrstu tveim verkefnum fullnægjandi skil. Veldur því einkum tímaskortur nefndarmanna. Þar sem verkefni eru tryggð fyrir unglíngalandsliðið næsta leiktímabil, væri æskilegt að næsta unglínganefnd gæti sinnt þeim málum betur.

Í febrúar var valinn 20-25 manna hópur til æfinga með unglíngalandsliði, jafnvel þótt ekki lögju ákveðin verkefni fyrir. Voru þeir frá öllum Reykjavíkurfélögum, ásamt ÍKF og UMSK.

Þjálfari liðsins var ráðinn Helgi Jóhannsson. Brátt rættist úr verkefnaskortinum, því í marz barst bréf frá Dönum, þar sem þeir buðust til að koma hingað og spila nokkra leiki þá um sumarið. Var þessu boði að sjálfsögðu tekið. Framhald þessa varð það, að ákveðið var að danska unglíngalandsliðið kæmi hingað 7. júlí, spilaði 2 landsleiki í Reykjavík og nokkra leiki utan Reykjavíkur.

Var síðan rætt við ýmis sérráð utan Reykjavíkur og þeim boðinn leikur gegn danska unglíngalandsliðinu. Voru undirtektir misjafnar og ýmis ljón talin á veginum, svo sem mannfæð yfir hásumarið og fjárskortur. Þó fór svo að ákveðið var, að Danirnir spiluðu í Borgarnesi, Stykkishólmi, Patreksfirði, Sauðárkróki og Akureyri.

Liðið kom til Reykjavíkur 8. júlí, eftir að dálítill óvissa hafði ríkt á tímabili hvort að heimsókninni yrði. Meðan liðið dvaldi í Reykjavík bjuggu 10 leikmanna þess hjá leikmönnum íslenska landsliðsins, en 5 bjuggu að Fríkirkjuvegi 11, hjá Eskulýðsráði Reykjavíkur.

Fyrri landsleikurinn var háður 10 júlí og vann Ísland eftir jafnan og skemmtilegan leik. Daginn eftir hélt danska liðið út á land og fóru fyrst til Borgarness og léku þar tvo leiki. Þaðan fór liðið til Patreksfjarðar, lék þar einn leik, því næst til Stykkishólms, Sauðárkróks og Akureyrar og lék hvarvetna einn leik. Unnu Danir alla þessa leiki, nema á Akureyri, þar töguðu þeir með 2 stigum. Frá Akureyri var haldið til Reykjavíkur. Fararstjóri í ferðinni var Guðni Kolbeinsson og rækti hann það starf með mikilli þryði. Voru Danir mjög ánægðir með þessa ferð alla, nema veðrið og kváðu allar móttökur og viðurgjörning hafa verið eins og bezt varð kosið.

Seinni landsleikurinn var leikinn 20. júlí í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi, en þar fór sá fyrri einnig fram. Vör þessi leikur mjög spennandi og vel leikinn og lauk með 1. stigs sigri Dana. Heimsókninni lauk 21. júlí, en þá hóldu Danir utan.

Óhætt mun, að fullyrða, að þessi heimsókn Dana hafi tekist vel og að íslenzkur körfuknattleikur hafi haft mikið gagn af, einkum þó unglíngalandsliðið. Það stóð sig mjög vel í þessum leikjum og mun betur en búist hafði verið við fyrirfram. Á þar stærstan heiður af þjálfari liðsins Helgi Jóhannsson.

Því miður varð fjárhagsleg afkoma þessarar heimsóknar ekki jafngóð. Eins og sjá má af reikningum sambandsins varð halli á heimsókninni sem nám u.þ.b. 35.000,00 kr. Þetta er slæmt, einkum vegna þess, að með heldur betri undirbúningi og ekki sízt með meiri stuðningi þeirra aðila utan Reykjavíkur er léku gegn Dönun, hefði mátt komast hjá þessu tapi og jafnvel græða nokkuð á þessari heimsókn.

Hér hefir verið talsvert rætt um heimsókn danska unglíngalandsliðsins, enda var það stærsta verkefni nefndarinnar á þessu ári.

Varðandi framtíðarverkefni unglíngalandsliðsins standa málin þannig í dag, að þau eru of mörg, þ.e.a.s. vafasamt er að K.K.Í. geti af fjárhagsástæðum tekið þau öll að sér.

Eftir að K.K.Í. hafði fengið svör frá Svíum um það, að ekki yrði af fyrirhuguðu Norðurlandamóti unglínga, sem Svíar áttu að sjá um, ákvæð K.K.Í. að bjóðast til að sjá um riðil í undanrásum Evrópu-meistararnóts unglínga. Samþykkti F.I.B.A., að einn riðill í þessu móti skyldi fara fram hér 1970. Hefur stjórn K.K.Í. ákveðið, að halda þessa keppni hér um páskana 1970. Munu taka þátt í henni auk Íslands, England, Belgía og Pólland. Verður mikið verk að sjá um þetta mót, enda nauðsynlegt að vanda mjög til alls undirbúnings ef vel á að takast.

Áður en ljóst varð, að K.K.Í. fengi að halda þennan riðil hér, hafði verið leitað eftir samstarfi við Skota. Kom í ljós að Glasgow-borg hafði mikinn áhuga á skipti-heimsókn á jafnréttisgrundvelli. Vildu þeir senda lið hingað til lands sumarið 1970 og jafnframt taka á móti íslenzku liði í heimsókn til Skotlands sama sumar. Hafa farið fram viðræður við fulltrúa Glasgow-borgar um þessi mál, en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Unglinganefnd K.K.Í. treystir sér tæplega til að sjá um þessi skipti, en rætt hefur verið við formann KKRR um að KKRR taki að sér, að sjá um þetta í samráði við unglínganefnd K.K.Í.

Er K.K.R.R. fúst til þess, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um málið. Vill K.K.R.R. helst fresta þessu til 1971, og einnig þarf að kanna möguleika á stuðningi frá Reykjavíkurborg og fleirum.

Við eigum heimboð frá Dönun og væri æskilegt að of því yrði tekið, að samræma það ferð til Skotlands.

Einstaklingsverðlaun.

Eins og á síðastliðnu ári voru veitt verðlaun fyrir besta hittni úr vítaköstum, hæsta stigatölu úr 10 leikjum og þeim leikmanni, er kjörinn var "Besti leikmaður Íslandsmótsins" af leikmönnum sjálfum.

Besti leikmaður var kjörinn:

Þorsteinn Hallgrímsson, Í.R.

Besta hittni úr vítaköstum:

Einar Bollason, Þór, - 78%

Stigahæzti leikmaður:

Einar Bollason, Þór, - 319 stig.

Íslandsmótið 1969.

Þessi lið urðu sigurvegarar á Íslandsmótinu 1969.

Meistarafll. karla I. deild	- Íþróttafélag Reykjavíkur
Meistarafll. karla II. deild	- Íþróttafélag Keflavíkurflugv.
I. flokkur karla	- Knattspyrnufélag Reykjavíkur
2. flokkur karla	- UMF, Skallagrímur
3. flokkur karla	- UMF, Skallagrímur
4. flokkur karla	- Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Meistarafll. kvenna	- Íþróttafélagið Þór
2. flokkur kvenna	- Íþróttafélagið Þór

Úrslit í einstökum leikjum í Íslandsmótinu 1969.

Meistaraflokkur karla I. deild:

Á - KR	47:64	ÍR - ÍS	109:58	ÍS - Þór	37:69
ÍR - KFR	65:48	KFR - Á	66:65	KR - Á	82:55
Þór - ÍS	58:44	Þór - Á	48:53	ÍR - KFR	84:54
KFR - Þór	69:61	ÍR - KR	69:60	KFR - ÍS	53:56
Á - ÍR	41:61	KFR - Þór	44:72	KR - Þór	78:59
ÍR - Þór	61:56	KR - ÍS	69:40	KFR - Á	57:64
KFR - ÍS	65:63	Á - ÍR	65:86	ÍR - Þór	80:61
Á - ÍS	44:34	Á - Þór	65:48	ÍS - KR	54:72
KFR - KR	51:80	ÍR - ÍS	68:42	Á - ÍS	62:55
KR - Þór	75:53	KR - KFR	74:56	ÍR - KR	49:57
Aukaúrslit:		ÍR - KR	68:41		
		KFR - ÍS	69:61		

3884

Meistaraflokkur karla II. deild:

Breiðablik - ÍKF	37:54
Skallagrímur - Breiðablik	38:39
Selfoss - ÍKF	43:46
Hörður - HSH	77:67
Hörður - KFÍ	83:74
HSH - KFÍ	81:78
Tindastóll - KA	49:35
Tindastóll - KFÍ	47:37
Tindastóll - ÍKF	41:57

953

I. flokkur karla:

• ÍR - KR	35:52	KFR - ÍS	32:67
Breiðablik - ÍS	29:43	KFR - ÍR	33:49
Á - KFR	46:37	KR - Breiðablik	76:28
Breiðablik - ÍR	27:29	ÍR - KR	35:52
• ÍS - KR	37:43	ÍR - ÍS	37:40
• KR - KFR	2:0	Breiðablik - KFR	28:37
Á - Breiðablik	45:22	Á - ÍS	33:31
Á - ÍR	64:37	KR - Á	41:33

1200

2. flokkur karla:

UMFS - Ármann	51:47 (42:42) (21:18)
UMFS - Ármann	56:50 (40:40) (18:17)
UMFS - KR	45:38
KR - Ármann	35:33
KFR - ÍR	44:41
ÍKF - KR	31:39
Á - Breiðablik	65:22
KFR - UMFS	31:34
UMFS - ÍR	55:44
KFÍ - Ármann	40:59
KFÍ - Breiðablik	32:36
UMFS - KR	43:34
Á - KR	30:43

1057

3. flokkur karla:

Á - ÍR	31:24	
UMFS - Á	29:21	
Selfoss - KR	18:36	
KFR - KR	15:27	
Hörður - KFÍ	43:17	
Hörður - Snæfell	26:24	
Snæfell - KFÍ	42:19	
Selfoss - KFR	21:24	
UMFS - ÍR	32:23	
KA - Tindastóll	21:18	8/8
Pór - Tindastóll	16:8	
Pór - KA	17:15	
KR - Hörður	37:25	
UMFS - Hörður	30:24	
UMFS - Þór	30:19	
KR - Þór	19:12	
UMFS - KR	32:30 (25:25)	(14:11)

4. flokkur karla:

KR - Á	20:8	Þór - KA	14:5
Á - KFR	11:4	Hörður - KFÍ	17:11
KR - ÍR	14:8	Snæfell - KFÍ	22:12
Á - ÍR	0:2	Hörður - Snæfell	24:9
KFR - KR	21:23	KR - Þór	16:1
ÍR - KFR	16:14	KR - Hörður	34:12

Heistaraflokkur kvenna:

Þór - KA 21:10

2. flokkur kvenna:

Þór - KA 12:4  
Þór Snæfell 17:9  
Snæfell - KA 12:0



1954

no. 00  
no. 55

1. 1954  
 2. 1954  
 3. 1954  
 4. 1954  
 5. 1954  
 6. 1954  
 7. 1954  
 8. 1954  
 9. 1954  
 10. 1954  
 11. 1954  
 12. 1954  
 13. 1954  
 14. 1954  
 15. 1954  
 16. 1954  
 17. 1954  
 18. 1954  
 19. 1954  
 20. 1954  
 21. 1954  
 22. 1954  
 23. 1954  
 24. 1954  
 25. 1954  
 26. 1954  
 27. 1954  
 28. 1954  
 29. 1954  
 30. 1954  
 31. 1954  
 32. 1954  
 33. 1954  
 34. 1954  
 35. 1954  
 36. 1954  
 37. 1954  
 38. 1954  
 39. 1954  
 40. 1954  
 41. 1954  
 42. 1954  
 43. 1954  
 44. 1954  
 45. 1954  
 46. 1954  
 47. 1954  
 48. 1954  
 49. 1954  
 50. 1954  
 51. 1954  
 52. 1954  
 53. 1954  
 54. 1954  
 55. 1954  
 56. 1954  
 57. 1954  
 58. 1954  
 59. 1954  
 60. 1954  
 61. 1954  
 62. 1954  
 63. 1954  
 64. 1954  
 65. 1954  
 66. 1954  
 67. 1954  
 68. 1954  
 69. 1954  
 70. 1954  
 71. 1954  
 72. 1954  
 73. 1954  
 74. 1954  
 75. 1954  
 76. 1954  
 77. 1954  
 78. 1954  
 79. 1954  
 80. 1954  
 81. 1954  
 82. 1954  
 83. 1954  
 84. 1954  
 85. 1954  
 86. 1954  
 87. 1954  
 88. 1954  
 89. 1954  
 90. 1954  
 91. 1954  
 92. 1954  
 93. 1954  
 94. 1954  
 95. 1954  
 96. 1954  
 97. 1954  
 98. 1954  
 99. 1954  
 100. 1954

no. 100

101. 1954  
 102. 1954  
 103. 1954  
 104. 1954  
 105. 1954  
 106. 1954  
 107. 1954  
 108. 1954  
 109. 1954  
 110. 1954  
 111. 1954  
 112. 1954  
 113. 1954  
 114. 1954  
 115. 1954  
 116. 1954  
 117. 1954  
 118. 1954  
 119. 1954  
 120. 1954  
 121. 1954  
 122. 1954  
 123. 1954  
 124. 1954  
 125. 1954  
 126. 1954  
 127. 1954  
 128. 1954  
 129. 1954  
 130. 1954  
 131. 1954  
 132. 1954  
 133. 1954  
 134. 1954  
 135. 1954  
 136. 1954  
 137. 1954  
 138. 1954  
 139. 1954  
 140. 1954  
 141. 1954  
 142. 1954  
 143. 1954  
 144. 1954  
 145. 1954  
 146. 1954  
 147. 1954  
 148. 1954  
 149. 1954  
 150. 1954  
 151. 1954  
 152. 1954  
 153. 1954  
 154. 1954  
 155. 1954  
 156. 1954  
 157. 1954  
 158. 1954  
 159. 1954  
 160. 1954  
 161. 1954  
 162. 1954  
 163. 1954  
 164. 1954  
 165. 1954  
 166. 1954  
 167. 1954  
 168. 1954  
 169. 1954  
 170. 1954  
 171. 1954  
 172. 1954  
 173. 1954  
 174. 1954  
 175. 1954  
 176. 1954  
 177. 1954  
 178. 1954  
 179. 1954  
 180. 1954  
 181. 1954  
 182. 1954  
 183. 1954  
 184. 1954  
 185. 1954  
 186. 1954  
 187. 1954  
 188. 1954  
 189. 1954  
 190. 1954  
 191. 1954  
 192. 1954  
 193. 1954  
 194. 1954  
 195. 1954  
 196. 1954  
 197. 1954  
 198. 1954  
 199. 1954  
 200. 1954

no. 200

201. 1954  
 202. 1954  
 203. 1954  
 204. 1954  
 205. 1954  
 206. 1954  
 207. 1954  
 208. 1954  
 209. 1954  
 210. 1954  
 211. 1954  
 212. 1954  
 213. 1954  
 214. 1954  
 215. 1954  
 216. 1954  
 217. 1954  
 218. 1954  
 219. 1954  
 220. 1954  
 221. 1954  
 222. 1954  
 223. 1954  
 224. 1954  
 225. 1954  
 226. 1954  
 227. 1954  
 228. 1954  
 229. 1954  
 230. 1954  
 231. 1954  
 232. 1954  
 233. 1954  
 234. 1954  
 235. 1954  
 236. 1954  
 237. 1954  
 238. 1954  
 239. 1954  
 240. 1954  
 241. 1954  
 242. 1954  
 243. 1954  
 244. 1954  
 245. 1954  
 246. 1954  
 247. 1954  
 248. 1954  
 249. 1954  
 250. 1954

no. 300

f r á 26/10 1968 t i l 25/10 1969.

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur .....	Kr.	50.000,00
Skatthluti .....	"	5.080,00
Ferðastyrkur Í.S.Í. ....	"	25.000,00
Ferðastyrkur Í.B.R. ....	"	30.000,00
Aðrir styrkir og gjafir .....	"	104.087,05
Leikskrá Íslandsmóts - auglýsingar ...	Kr. 45.200,00	
+ Prentun .....	" 13.975,00"	31.225,00
Leikskrá unglingsliðs-auglýs. ...	Kr. 57.050,00	
+ Prentun .....	" 15.000,00"	42.050,00
Vextir .....	"	745,63
<u>Leikir úrvalsliðs 10/11 og 20/4:</u>		
Aðgangseyrir .....	Kr. 12.075,00	
Húsaleiga .....	Kr. 6.000,00	
Hluti Seltj.ness af		
aðgangseyri .....	" 1.087,00	
Dyravæðsla .....	" 600,00	
Auglýsingar .....	" 320,00	" 8.007,00"
		4.068,00
Rekstrarhalli .....	"	68.311,17

Kr. 360.566,85

SECRET

(S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]

(S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]

(S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]

(S) [Illegible text]  
 (S) [Illegible text]

(S) [Illegible text]

h i n n 25, o k t ó b e r 1969,

---

Skuldir:

Ýmsir skuldheimtumenn ..... Kr. 243.470,65

---

---

Kr. 243.470,65

---

---

Reykjavík, 27. október 1969.

Magnús Sigurðsson (sign.)

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 25/10 1969 fyrir Körfu-  
knattleikssamband Íslands og ekkert fundið athugasvert.

Reykjavík, 28. október 1969.

Gunnar Torfason (sign).

Pórir Guðmundsson (sign).

Fjárhagsáætlun

K.K.I.

1969 - 1970

Polár Cup .....	Kr.	210,000,00
Unglingamót .....	"	350,000,00
Ísl. mót .....	"	190,000,00
Annar kostnaður .....	"	70,000,00
		<hr/>
	Kr.	820,000,00
		<hr/>

Tekjur:

Útbr. styrkur .....	Kr.	50,000,00
Skatthluti .....	"	5,000,00
Ísl. mót, .....	"	190,000,00
Unglingamót .....	"	350,000,00
Aðrar tekjur .....	"	225,000,00
		<hr/>
	Kr.	820,000,00
		<hr/>

